

Starfsemi Mannauðssjóðs KJALAR Stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu árið 2010

Inngangur

Ársskýrslan sem hér er birt er ætlað að gefa yfirlit yfir starfsemi Mannauðssjóðs KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu fyrir starfsárið 2010. Gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum ársins ásamt því að farið er yfir verkefni sem hafa verið styrkt til sveitarfélaga og stofnana sem og þeirra sem notfærðu sér einstaklingsstyrk með tilkomu sérstaka samninga við sjóðinn.

Mannauðssjóður KJALAR stéttarfélags tók formlega til starfa 1. janúar 2007 og byggir á gr. 13.4.2. um starfsmenntunarsjóð í kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga (LN) og KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

Gerður var þjónustusamningur við skrifstofu KJALAR stéttarfélags árið 2008 um rekstur og umsjón með starfsemi og er hann ennþá í gildi.

Í stjórn sjóðsins eru : Fulltrúar KJALAR Arna Jakobína Björnsdóttir og Guðbjörg Antonsdóttir, fulltrúar sveitarfélaganna Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir og Tryggvi Þór Gunnarsson sem tók sæti Hermanns Tómasson sem lét af störfum og er honum þakkað samstarfið.

Haldnir eru fundir í janúar, apríl og september og oftar ef þurfa þykir.

Markmið sjóðsins er annars vegar að auka möguleika sveitarfélaga og stofnana þeirra á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma og efla starfsmenntun starfsmanna með það fyrir augum að þeir verði færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni. Umsóknnum hefur verið að fjölga sem er afar ánægjulegt þar sem menntun félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögunum og stofnunum þeirra eru nauðsynlegir þættir vegna sífellt fjölbreyttari verkefna og breytinga.

Sjóðurinn er fjármagnaður með gjöldum/greiðslum vinnuveitenda sem nema 0,3% af heildarlaunum félagsmanna KJALAR – stéttarfélags.

Heildarframlög til sjóðsins árið 2010 var kr. 5.349.241. Greiddir styrkir kr. 2.600.325 og varð hagnaður með fjármunatekjum kr. 2.389.509.

Styrkir á árinu 2010

- a) Stjórnin hefur ákveðið að bjóða sveitarfélögum „Ráðgjafa að láni“ frá Fræðslusetrinu Starfsmennt til að skipuleggja aðra fræðslu og er unnið að fræðsluhönnunarverkefni fyrir starfsfólk íþróttamiðstöðva. Í samvinnu við Akureyrarbæ og við KJÖL – stéttarfélag í almannajónustu og Dalvíkurbyggð um fræðsluhönnun (námskrá með nokkrum fræðsluþáttum) frá Fræðslusetrinu Starfsmennt á grundvelli samstarfssamnings setursins og Mannauðssjóðs KJALAR, dags. 28. maí 2010.
- b) Gæðastjórnun fyrir starfsfólk bæjarskrifstofu í samstarfi við Ó.J. sérfræðing í gæðastjórnun. (18).
- c) Námskeiðið „að vera hluti af heild“ fyrir starfsfólk grunnskóla (skólaliða, matráða, stuðningsfulltrúa og starfólk í ræstingu) fyrir Akureyrarbæ (24).
- d) Ritara- og skrifstofustjóranám skrifstofunám á vegum Framvegis haldið við Tölvuskólan. (1).

- e) Markviss starfsmannafræðsla í samstarfi við Símei – framhald af þarfagreiningu. í samfélags- og mannréttindadeild Akureyrarbæjar. (12 af 18)
- f) Markviss starfsmannafræðsla í samstarfi við Símei – framhald af þarfagreiningu í framkvæmdadeild Akureyrarbæjar (16 af 39).
- g) Skyndihjálparnámskeið – sérhannað fyrir sundlaugarverði sundlaugar Akureyrar. (29)
- h) Námskeið um starfsmannasamtölstarfsmanna sundlaugar Akureyrar (17)
- i) Námsferð á höfuðborgarsvæðið til að heimsækja systureiningar hjá Þjóðskrá, Reykjavíkurborg og Garðabæ á skrifstofu ráðhúss Akureyrarbæjar (3)

Styrkir á árinu 2010

- Nám og námskeið á vegum Fræðslusetursins Starfsmenntar.
 - Að tjá sig án kvíða (1)
 - Launaskólinn þema 1 (13)
 - Launaskólinn þema 2 (6)
 - Launaskólinn þema 3 (2)
 - Skrifstofubraut I 1 önn (1)
 - Nám í stjórnunareiningum (1)
 - Tölvur og tölvunotkun – grunnám (fór fram á netinu alls (2)
 - Tölvur og tölvunotkun – Publisher (2)
 - Tölvur og tölvunotkun – fjársjóður Google (1)
 - Tölvur og tölvunotkun – myndvinnsla (4)
 - Tölvur og tölvunotkun – Exel framhaldsnámskeið (1)
 - Þjónustustjórnun - fjarkennt (1)

Lokaorð

Símenntun er hagur allra og því er menntun í atvinnulífinu sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni atvinnurekenda og stéttarféлага. Mikilvægt er að starfsmenn og stjórnendur sveitarféлага og stofnana þeirra standi saman að skipulagningu fræðslu og eigi sameiginlegt frumkvæði að því auka menntun meðal launafólks.

Akureyri 14. apríl 2010

Arna Jakobína Björnsdóttir